

Reykjavík, 5. nóvember 2012

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til upplýsingalaga, 215. mál.

Á vorþingi 2012 var sambærilegt frumvarp sent SFF til umsagnar og vilja samtökin koma á framfæri við stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sömu athugasemdum við þetta frumvarp eins og þá var gert.

Samtökin leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að samkeppnisstaða aðila á fjármálamarkaði sé jöfn samkvæmt lögum og að sérstakar viðbótarskyldur sé ekki lagðar á sum fjármálafyrirtæki umfram önnur t.d. á grundvelli eignaraðildar. Sömu leikreglur þurfa að gilda um fjármálafyrirtæki sem hafa fengið sambærileg starfsleyfi til fjármálaþjónustu frá Fjármálaeftirlitinu. Það á við um alla banka og sparisjóði í landinu. Þau þessara fyrirtækja sem nú um stundir eru að meiri hluta í eigu ríkisins eiga ekki að þurfa að búa við aðra stöðu hvað upplýsingaskyldu varðar en keppinautar þeirra á markaði eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Slíkt raskar samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja verulega. Eðlilegt er að undanskilja þessi fyrirtæki með beinum hætti frá lögnum, í stað þess að veita þeim heimild til að sækja um undanþágu eins og segir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.